



Bókun

Málnr.: **23-077-S-036**

Dags: **21. júlí 2023**

Staður: **SV af Reykjanesi**

Lýsing: **Skipverji slasast**

Rannsókn samkvæmt lögum nr. 18/2013 skal eingöngu miða að því að leiða í ljós orsakir samgönguslysa og samgönguatvika, en ekki að skipta sök eða ábyrgð, með það að markmiði að draga úr hættu á sams konar slysum og atvikum og afleiðingum sambærilegra slysa. Skýrslum rannsóknarnefndar um rannsókn einstakra slysa og atvika skal ekki beitt sem sönnunargögnum í dómsmálum.

Nr: 23-077-S-036 Þórunn Sveinsdóttir VE 401
Skipverji slasast

Skipaskr.nr. 2401
Útgerð: ÓS ehf.
Smíðaður: Kastensens Skibsværft A/S, Danmörk
2010
Stærð: 929 BT
Mesta lengd: 46,73 m Skráð lengd: 42,35 m
Breidd: 11,20 m Dýpt: 7,09 m
Vél: M.A.K 1495 kW, 2009
Fjöldi skipverja: 16



Gögn: Sjúkratryggingar Íslands
RNSA

Samantekt:

Þann 21. júlí 2023 var Þórunn Sveinsdóttir á veiðum á Fjöllum suðvestur af Reykjanesi. Nýbúið var að hífa veiðarfærið þegar skipverji slasaðist á öxl þegar hann rann til á þilfarinu við að ýta fiski ofan í móttöku. Var ákveðið að flytja hinn slasaða í land með aðstoð þyrilu.

Veður: A-5 m/s, þung undiralda.

Atvikalýsing:

- Í halinu umrætt skipti voru 14 tonn af fiski.
- Talsvert magn af fiski hafði sullast úr pokanum og á þilfarið. Skipverji sem var við vinnu á þilfarinu steig á fisk með þeim afleiðingum að hann rann til og féll illa á hægri öxlina.
- Ákveðið var, eftir samtal við lækni, að senda þyrilu eftir honum.
- Að sögn hins slasaða liðu röskir tveir tímar frá slysinu þar til hann var kominn á bráðamóttöku Landsspítalans í Reykjavík en hann reyndist hafa farið úr axlarlið.

5. febrúar 2024 Guðmundur Freyr Úlfarsson, Hilmar Snorrason, Pálmi Jónsson, Hjörtur Emilsson og Jón Finnbjörnsson.